

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 125. fundur 27. janúar 2010, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Þorsteinn Finnbogason, Íris Róbertsdóttir, Magnús Sigurðsson, Gunnar Friðfinnsson, Ólafur Elísson, Hafsteinn Gunnarsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerðir tveggja síðustu funda voru síðan samþykktar.

Samþykkt var að framvegis verði undirritaðar fundargerðir merktar raðnúmeri, varðveittar í möppu í stað fundargerðabókar. Bók sem tekin var í notkun í ársbyrjun 1990, þegar skólinn varð alfarið ríkisstofnun, geymir fundargerðir þeirra 124 funda sem haldnir hafa verið frá þeim tíma. Eldri fundargerðabækur (1979 – 1989) eru varðveittar í skjalasafni Vestmannaeyja.

1. **Skólastarfið:** Kennslu haustannar lauk 3. desember og próf voru haldin 4. – 16. desember. Annarslit og útskrift voru laugardaginn 19. desember. Útskrifaðir stúdentar voru 21. Skráðir nemendur á haustönn urðu mest 349, en til prófs gengu 299 nemendur. Vorönn hófst 6. janúar og er áfram mikil aðsókn í skólann, upb 300 nemendur. Nýr kennari er Guðný Bogadóttir í hálfá stöðu í hjúkrunargreinum. Erpur Snær sem var í hálfri stöðu í náttúrufræði hætti um áramót. Talnaefni um vorönn var lagt fram. Rætt var um nám fyrir nemendur sem enn eru í 10. bekk grunnskóla og skýrði skólameistari stöðuna og upplýsti að framtíðin væri mjög óviss, fyrir þennan hóp. Einnig var rætt um skemmtanir nemenda og hertar reglur um þær. Skólanefnd staðfesti að hún styddi þær reglur, sem skólayfirvöld eru að koma á.

2. **Fjárhagur:** Nú er að skýrast hver verður endanleg rekstrarniðurstaða fyrir árið 2009. Nemendauppgjör hjá menntamálaráðuneytinu vegna ársnemenda umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir færir okkur 5,1 milljón og við fáum heimild til að flytja 18 milljónir milli árana 2008 og 2009, af okkar uppsafnaða rekstrarafgangi. Nemendauppgjörð byggir á því að reiknað framlag vegna umfrannemenda er skert um rúmlega tvo þriðju, en umfram-nemendur á starfsbraut eru bættir að fullu. Eftir því sem næst verður komist verður rúmlega 12 milljóna halli á árinu 2009. Talsverðar umræður urðu um fjármálin, sérstaklega það fé sem ætlað var til styrkingar skólastarfi í Eyjum (mótvægisfé) og var meðal annars hugsað til að koma á ípróttatengdu námi í samvinnu við ÍBV. Samþykkt var að skrifa ráðuneytinu og tilkynna að við ætlum að fara af stað með slíkt nám í haust. Skólanefndin samþykkti að ekki yrði greitt fyrir fundarsetu á árinu 2010.

3. **Önnur mál:** Lagt var fram yfirlit um forföll og leyfi kennara á haustönn 2009. Nánar til skoðunar á næsta fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13:10

Ólafur H. Sigurjónsson